

1872.

„Landshlutar fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins”.

12. febrúar.

Áð því leyti, er snerti breytingu þá, sem alþingi hafði stungið uppá við 4. grein, þótti það ekki eiga við hær, að kveða neitt á um, hvernig skipta skyldi landshlut milli fleiri, sem tilkall hefði til hans, en það væri nóg, að séð yrði um, að nótarmenn hefði eigi meiri töf við að greiða landshlut, þegar fleiri ætti tilkall til landshlutar, en þegar um einn væri að ræða. Samkvæmt þessu var greinin látin vera á þessa leið:

„Hafi fleiri tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarmanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli”.

Með því lagabodid ætti einnig að ná til upsaveidar, sem ekki væri svo arðsöm sem síldarveiði, fannst stjórnarráðinu það réttast, að gjöra enga breytingu á því, sem ákveðið væri í 7. grein frumvarpsins um þóknunina til fátækra sjóðsins.

Dómsmálastjórnin lagði síðan til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem getið er.

15. Tilskipun handa Íslandi, um spítalagjald af sjávar- afla. (á Íslenzku og Dönsku). 12. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Spítalahlutir skulu greiddir af sjávarafla þeim, er fæst á

Tíð. um stjórnarmál. III. 19

1872.
12. febrúar.

pilskip, opin skip, báta og byttur við Ísland, og þar er lagður á land, eptir þeim reglum, er nú skal sagt:

- a) af allskonar fiski, sem er verkaður sem saltfiskur, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $\frac{1}{2}$ alin;
- b) af allskonar fiski, sem er hertur, eða sem er seldur óverkaður, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $\frac{1}{4}$ alin;
- c) af fiski, sem saltaður er í tunnur, skal goldin $\frac{1}{2}$ alin af hverri tunnu;
- d) af hverri tunnu hákarlslýsis eður jafngildi hennar af hákarlslifur skal greidd 1 alin, en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald.

Gjald það, sem um er rædt undir stafiðunum a, b og c, skal greidd, hvort sem fiskurinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálfu eður til útflutnings.

Af því, sem ekki nemur hálfu hundraði eða hálfri tunnu, skal ekkert gjald greidd, en af hálfu hundraði eða hálfri tunnu og þar fram yfir skal goldið einsog af fullu hundraði eða heilli tunnu.

2. grein.

Gjaldið rennur í lækna sjóðinn íslenska og skal í fyrsta skipti heimtað saman eptir þessari tilskipun fyrir tímabilið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og síðan fyrir hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desembrm.; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs.

3. grein.

Eigendur báta og skipa skulu greiða spítalagjaldið af hendi, ef þeir eru innanhrepps, ella formenn. Eigi fleiri skip saman, og sè eigi allir innanhrepps, þá skulu þeir greiða allt gjaldið, sem innanhrepps eru. Ef formaðurinn á að greiða gjaldið, og sè hann utansveitarmaður, skal hann hafa greidd hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Sè það gjört áður en hin nýja verðlagsskrá hefir öðlazzt gildi, skal gjaldið greidd eptir verðlagsskrá þeirri, sem þá er í gildi. Fari hann burt úr hreppnum án þess að greiða gjaldið, skal hann sæta 5—20 rd. sekt, og rennur hún í lækna sjóðinn.

Greiðandi hefir rétt til endurgjalds af öllum þeim, sem hlut

1872.

taka af skipi því, að hlutfalli réttu, og má hann, áður en sá, sem hlut tekur, fer frá skipi, leggja hald á svo mikið af hlut hans, sem nægir til þess að borga hluta hans af gjaldinu.

12. febrúar.

4. grein.

Hreppstjórnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- eða hákarlaveiða í hreppnum, eða umdæmi bæjarins á hverju ári, — fyrsta skipti á tímabilinu frá 12. maím. 1872 til ársloka —, og skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta, og ef einhver þeirra er utanhreppsmaður, eða á ekki heima í kaupstaðnum, þá einnig frá formönnum.

Um fyrri hluta janúarm. skulu því næst hreppstjórar og bæjarstjórnin í kaupstöðunum heimta af eigendum bátanna og skipanna, eða formönnum þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða gjaldið samkvæmt 1. grein að framan. Þeir eru skyldir til að láta til þessar skýrslur uppá æru og trú. Skýri þeir ekki svo nákvæmlega frá, að gjaldið verði ákveðið eptir því, skulu hreppstjórar, eptir að þeir hafa útvegað þær ítarlegri upplýsingar, sem fengnar verða, og jafnframt tekið til greina skýrslur annara gjaldenda um þetta, setja gjaldið eptir því, sem þeir geta næst komizt. Í kaupstöðunum skulu tveir af réttinum útnefndir og eiðfestir óvilhallir menn ákveða gjaldið.

5. grein.

Síðan skulu skrárnar yfir gjaldendur, og yfir upphæð þá, sem afgjaldið skal reiknað eptir, lagðar fram öllum til sýnis hjá hreppstjóranum í 14 daga, og á hann því næst að senda þær sýslumanni innan loka febrúarmánaðar. Í kaupstöðunum skulu skrár þessar lagðar fram almenningi til sýnis í 14 daga á sama stað og niðurjöfnunin til bæjarsjóðsins, og skal bæjarstjórnin skila þeim til bæjarfógeta með sama fresti og áður var getið. Þegar bæjarfógetinn, og í sveitunum sýslumaður hafa rannsakað og endurskoðað skrár þessar, skal gjaldið heimt inn á manntalsþingum eptir skránum. Þyki sýslumanni eða bæjarfógeta ástæða til að efast um að skárnar sé áreiðanlegar, eiga þeir að gjöra þær rannsóknir, sem þurfa þykir í þessu efni, og hefja ábyrgð á hendur þeim, er í hlut eiga, fyrir það.

1872.

12. febrúar.

6. grein. Segi nokkur gjaldþegna rangt til afla þess, sem greiða skal gjaldið af, skal hann sæta 10—20 rd. sekt til lækna sjóðsins; ennfremur skal hann til sama sjóðs greiða þrefalda upphæð við gjald það, sem hann hefir dregið undan.

Mál, sem rísa af afbrotum gegn ákvörðunum í tilskipun þessari, skal farið með sem opinber lögreglumál, nema því að eins, að lagabrotið varði meiri hegningu en sekt.

7. grein.

Innan loka októbermánaðar ár hvert á sýslumaður eða bæjarfógeti að senda stjórn lækna sjóðsins reikning yfir alla spítalahlutina í sýslunni eða kaupstaðnum síðastliðið ár, og um leið greiða henni feð. Reikningi þessum skulu fylgja skrár hreppstjóra eða bæjarstjórnar, er áður var getið.

8. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju með talinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbréfi 26. maím. 1824, gilda framvegis einsog hingað til.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu¹.

Frá alþingi 1869 kom bænarskrá um, að tilskipun um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, á Íslandi, 10. ágústm. 1868², mætti verða úr lögum numin, svo fljótt sem auðið væri, og að lagt yrði fyrir alþingi 1871 frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna og að gjaldstofninn í frumvarpi þessu mætti verða hinn sami og í tilsk. 10. ágústm. 1868³. Útaf þessu leitaði stjórnarráðið álits stíptsyfirvaldanna, og lét svo semja frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna; í því var gjaldið lagt á aflann, eins og í tilsk. 10. ágústm.

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 13, 15, 424—450, 665—695 og 780; II., 130—137, 301—308, 394—402 og 469—475.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 545.

³) Tíðindi frá alþingi 1869, II., 335—338.

1872.

12. febrúar.

1868. Reyndar álitu stiðtsyfirvöldin fyrir sitt leyti, að grundvallarreglan um gjaldstofninn í frumvarpi stjórnarinnar 1867 væri betri, en með því meiri hlutinn á alþingi bæði 1867 og 1869 hafði viljað, að gjaldið væri lagt á aflann, ræðu þau samt til, að þessum gjaldmáta væri haldið. Frumvarpið var þar næst lagt fyrir alþing, sem ræddi það á lögskipaðan hátt og skýrði frá álitu sínu um það, eins og hér skal greina.

Þingið varð þá enn að vera á þeirri skoðun, að byggja gjaldið á afla-upphæðinni, og virtist þinginu, að með frumvarpi þessu væri að minnsta kosti að nokkru leyti ráðin bót á þeim vandkvæðum, sem hefði gjört tilsk. 10. ágúst 1868 fremur óvinsæla og framkvæmd hennar svo miklum erfiðleikum bundna. Breytingar þær, sem alþing hefir stungið uppá, voru þær, sem hér skal skýrt frá.

Þaræð það að álitu alþingis skyldi vera meiningin í ákvörðuninni í 1. grein, að öll skip, sem fiskur eða hákarl er veiddur á hér við land, skyldi greiða spítalagjald af afla sínum, að því leyti hann væri lagður hér á land upp, stakk þingið uppá, að upphaf greinarinnar yrði þannig orðað, að enginn efi gæti verið um þetta, og þar að auki virtist þinginu réttast að telja upp hinar ýmsu tegundir skipa, sem greiða ætti spítalagjald. Einnig virtist það réttara í upphafi greinarinnar að við hafa orðið „sjávarafa“ í staðinn fyrir „fisk“, fyrir þá sök að lýsið ætti að geta komizt inn undir þessa hugmynd. Hvað upphæð gjaldsins snerti, áleit þingið, að hún að vísu ætti að vera óbreytt hvað saltfiskinn snerti, en þar á móti þótti vera ástæða til að færa niður gjaldið um helming eða til $\frac{1}{4}$ álnar af hverju tólfræðu hundradi af hertum fiski, með því sá fiskur væri ódýrari, þegar á töluna væri litið, heldur en saltfiskur, og þar að auki opt smærri en hinn. Þó þingið aðhylltist þá ákvörðun frumvarpsins, að takmarka að öðru leyti gjaldið við hinn verkaða fisk, áleit þó þingið, að ekki yrði hjá því komizt, að gjöra undantekningu frá þessari aðalreglu með tilliti til hins óverkaða fisks, sem seldur væri nýr, og sem eptir frumvarpinu kæmist alveg undan gjaldinu, með því það væri þinginu kunnugt, að töluvert af slíkum fiski væri á sumum stöðum lagt inn í verzlun, en á sumum stöðum selt

1872.
12. febrúar.

landsmönnum; en það virtist hvorki rétt nè sanngjarnt, að slíkur fiskur væri undanþeginn spítalagjaldi, fremur en sá, sem verkaður væri, enda gæti og þetta munað töluverðu fyrir læknasjóðinn. Þingið aðhylltist einnig þá reglu frumvarpsins, að ekki bæri að greiða spítalagjald af lýsinu úr þeim fiski, sem gjaldið væri greitt af eptir tölu, eins og líka á hinn bóginn, að ekki bæri að greiða spítalagjald af fiskinum sjálfum, þegar gjaldið væri greitt af lýsinu úr honum, og ætti þetta síðara að vera reglan, þegar lifrin væri meira virði en fiskurinn sjálfur, en þetta gildi þá einkum um hákarlinn, og ekki um annan fisk, að minnsta kosti ekki svo, að taka þyrfti sérstaklegt tillit til þess; því þó háfurinn einnig væri mest verður vegna lýsisins, sem úr honum fengist, þá virtist þinginu eins vel mega fara, að telja hann með þeim fiski, sem gjaldið væri greitt af eptir tölu. Þinginu virtist því rétt að taka með þerum orðum fram, að gjaldið skyldi greitt af hákarlslýsi, en geta þess samt jafnframt, til þess að taka af öll tvímæli, að af hákarlinum sjálfum skyldi ekkert gjald greitt, til þess að gefa þar með til kynna, að hákarl væri ekki fölginn í ákvörðuninni um þann fisk, sem gjalda skyldi af eptir tölu. Þareð það eigi virtist rétt, að neinn með því, að selja lifrina óbrædda, gæti komið sér hjá því að greiða gjaldið, þótti nauðsynlegt að orða ákvörðunina um gjaldið af lýsinu á þann hátt, að hún einnig gæti náð til lifrarinnar, þegar hún væri seld óbrædd. Með því það ekki væri tíðkanlegt á Íslandi, að verka fisk á þann hátt, að salta hann niður í tunnur, áleit þingið að sleppa mætti þeirri ákvörðun, sem hér að lyti, og það því fremur, sem fiskur þessi, ef hann annars væri til, mundi geta heimfærzt undir ákvörðunina um þann fisk, sem verkaður væri sem saltfiskur. Að vísu kæmist síld og upsi með þessu móti undan gjaldinu, en bæði væri þessi veiði enn mjög óalmenn á Íslandi, enda mundi hún naumast verða heimfærð undir ákvörðun frumvarpsins, sem legði gjaldið á allskonar fisk, sem aflaðist á báta eða skip, en síld og upsi væri þesskonar fiskitegundir, er aflaðist í nótum og netum. Samkvæmt þessu lagði alþing til, að 1. grein yrði orðuð á þessa leið:

„Spítalahlutir skulu hér eptir greiddir af sjávarafla þeim, er

fæst á þilskip, opin skip, báta og byttur við Ísland, og þar er lagður á land, eptir þeim reglum, er nú skal sagt: 1872.
12. febrúar.

a) af allskonar fiski, sem er verkaður sem saltfiskur, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $\frac{1}{2}$ alin;

b) af allskonar fiski, sem er hertur, eða sem er seldur óverkaður, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $\frac{1}{4}$ alin.

Gjald það, sem um er rædt undir staflidunum a og b, skal greiddt, hvort sem fiskurinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálfu eður til útflutnings.

c) af hverri tunnu hákarlslýsis eður jafngildi hennar af hákarlslífur skal greiddt 1 alin, en af hákarlinum sjálfum greiddt ekkert gjald.

Af því, sem ekki nemur hálfu hundraði eða hálfri tunnu skal ekkert gjald greiddt; en af hálfu hundraði eða hálfri tunnu og þar fram yfir skal goldið eins og af fullu hundraði eða heilli tunnu.»

Við 2. grein gat þingið þess, að þegar greinin væri borin saman við 5. grein, virtist það auðsætt, að eigi væri hin sanna meining frumvarpsins, sem þó orðin í 2. grein lyti að, að gjaldið skyldi heimtað saman við hver árslok, með því þessi innheimta ekki færi fram fyr en manntalsþingunum; þar á móti virtist það vera tilgangurinn, að við hver árslok skyldi sagt til aflaupp-hæðarinnar fyrir hið liðna ár, og gjaldið reiknað af afla þeim, er fengizt hefði hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desbr., með þeirri nákvæmari ákvörðun, að það í fyrsta skipti skyldi talið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og yrði því að breyta greininni samkvæmt þessu. Greinin yrði þá svo hljóðandi:

„Gjaldið rennur í lækna sjóðinn íslenska, og skal í fyrsta skipti heimtað eptir þessari tilskipun fyrir tímabilið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og síðan fyrir hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desembrm.; gjaldið skal greiddt í peningum eptir meðal-verði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs”.

Við 3. grein stakk þingið uppá ýmsum orðabreytingum, til skýringar á efni greinarinnar; fyrst að koma skyldi: „þá skulu þeir greiða allt gjaldið, sem innanhrepps eru”, í staðinn fyrir: „þá skulu þeir gjalda, sem innanhrepps eru”; ennfremur: að í 4.

1872.
12. febrúar.

málgrein verði sett: „eptir verðlagsskrá þeirri, sem þá er í gildi” í staðinn fyrir „eptir verðlagsskrá næsta árs á undan”. Þingið ræð til, að hið lægsta stig sektar þeirrar, sem fyrir væri mælt um í greininni, yrði látið vera 5 rd.

Ákvörðunina í 4. grein um, hvernig fara ætti að, þegar hlutaðeigandi segðist ekki geta skýrt svo nákvæmlega frá, að gjaldið yrði ákveðið eptir því, áleit þingið að ætti að rýmka nokkuð, á þann hátt, að hún ávallt skyldi gilda, þegar sá, sem ætti að segja frá afla-upphæðinni, ekki skýrði svo nákvæmlega frá henni, að sá, er gjaldið ætti að heimta, þættist geta þar á byggt ákvörðun um upphæð gjaldsins, hvort sem sá, sem gjaldið á að greiða, segist geta gefið svo nákvæmar skýrslur, sem þörf er á, eða ekki. Ákvörðunin um, að hlutaðeigendur skyldi vinna eið að því, að þeir eigi gæti gefið skýrsluna, virtist þá og eiga að falla burtu. Svo framarlega sem ný sveitarstjórn kæmist á og hreppsnefndir yrði skipaðar, áleit þingið það hagfelldast og tryggilegast, að þeim, en ekki hreppstjórum, yrði falið á hendur að ákveða upphæð gjaldsins, og í kaupstöðunum skyldi bæjarfulltrúar hafa þetta ætlunarverk á höndum. Samkvæmt þessu yrði þá síðasta málgrein 4. greinar svo hljóðandi:

„Skýri þeir ekki svo nákvæmlega frá, að gjaldið verði ákveðið eptir því, skulu sveitarstjórnarnir og í kaupstöðunum bæjarfulltrúarnir, eptir að hafa útvegað þær ítarlegri upplýsingar, sem fengnar verða, og jafnframt tekið til greina skýrslur annara gjaldenda um þetta, ákveða upphæð gjaldsins eptir því, sem þeir geta næst komizt”.

Samkvæmt þessari breytingu á 4. grein, yrði það þá almenn regla; að þeir, sem gæfi enga skýrslu um aflann, eða svo ófullkomna skýrslu, að ekki yrði byggð á henni ákvörðun um upphæð gjaldsins, yrði að sæta þeim kostum, að gjaldið yrði ákveðið á þann hátt, sem fyrir væri mælt í greininni. En til þess að þessi ákvörðun gæti orðið sem áreiðanlegust, áleit þingið að vísu nauðsynlegt, að halda óbreyttri þeirri ákvörðun, sem er í 4. grein, um, að hlutaðeigendur skyldi vera skyldir til að gefa uppá æru og trú skýrslur þær, sem í þessu tilliti væri nauðsynlegar. Aptur á móti virtist þinginu ekki næg ástæða til að láta sekta-ákvörð-

1872.

12. febrúar.

unina í 6. grein ná til annara en þeirra, sem með ósönnum skýrslum reyndi til að koma sér að nokkru eður að öllu leyti undan gjaldi því, sem þeim bæri að greiða, en undanfærsla hlutaðeiganda með að gefa nokkra skýrslu virtist ekki eiga að hafa aðrar afleiðingar fyrir þá, en þær, að þeir yrði að láta sér það lynda, að gjald þeirra yrði ákveðið eptir þeim skýrslum, sem fengizt gæti. Þetta virtist þinginu í sjálfu sér eðlilegt, einsog það einnig væri samkvæmt þeirri reglu, sem gildi um tíundina; því þó það mætti álitast almenn skylda að telja fram fæ sitt til tíundar á hreppaskilaþingum, þá hefði það eigi önnur eptirköst fyrir fjáreigandann, að útaf þessu væri brugðið, en að honum yrði sköpuð tíund, en þar á móti yrði sá sektaður fyrir tíundarsvik, sem segði rangt til fjáreignar sinnar. Sektir þær, sem ákveðnar eru í 6. grein, virtist þinginu hæfilega miklar fyrir ranga frásögn um aflaupphæðina, en eigi virtist þinginu þörf á að láta hlutaðeiganda þar að auki greiða þrefalda upphæð við það gjald, sem hann með undandrætti sínum ætlaði að koma sér hjá að greiða, heldur einungis einfalt gjald af því, sem hann hefði dregið undan. Þingið stakk samkvæmt þessu uppá, að 6. grein yrði orðuð á þessa leið:

„Segi nokkur gjaldþegna rangt til afla þess, sem greiða skal gjaldið af, skal hann sæta 10—20 rd. sekt til læknasjóðsins, auk gjaldsins af því, er hann hefir dregið undan“.

Í 7. grein fannst þinginu réttara, að sett yrði „síðastliðið ár“ í staðinn fyrir „það ár“, með því reikningur sá, sem sýslumanni bæri að senda stjórn læknasjóðsins innan loka oktbrm. ár hvert, ekki ætti að ná lengra, en til 31. desbrm. næst á undan.

Að endingu ræð þingið til, að fyrirsögn lagaboðsins yrði: „Tilskipun um spítalagjald af sjávarafra“.

Í álitsskjali sínu féllst konungsfulltrúi á það álit alþingis, að gjaldið skyldi vera minna af hertum fiski, en af saltfiski, þar sem farið væri eptir tölunni; samt varð hann að álita það efasamt, hvort einmitt skyldi færa það niður til $\frac{1}{4}$ álnar. Sömu leiðis aðhylltist konungsfulltrúi þá uppástungu alþingis, að greiða skyldi gjald af óverkudum fiski, sem seldur væri nýr; með þessu yrði ekki lagt neitt gjald á þann fisk, sem fiskimenn hefði

1872.
12. febrúar.

til daglegrar fæðu, og á hinn bóginn bætti þetta nokkuð úr, að tekjur læknasjóðsins rýrnaði við það, að gjald á hertum fiski væri fært niður. Ennfremur var hann þinginu samdóma um breytingarnar á 1. málsgrein 1. greinar og staffið *c* í frumvarpinu, en hélt því fastlega fram, að ekki skyldi sleppa staffliðnum *b* um gjald af fiski, sem saltaður væri í tunnur; hann vissi dæmi til að fiskur, sem saltaður hefði verið í tunnur, hefði verið fluttur út af Íslandi, og þó það enn ekki væri tíðkanlegt þar, að verka fisk á þann hátt, gæti þó að því komið seinna; þar að auki væri fiskur, sem saltaður væri í tunnur, ekki hið sama sem „saltfiskur“ (*Klipfisk*). Konungsfulltrúi gat heldur ekki verið á þeirri skoðun, að ekki skyldi greiða neitt af sild eða upsa, og virtist honum, að ákvörðun greinarinnar næði til þess afla, þar sem þó þyrfti báta með til þess að leggja út net eða nætur. Ef nú staffliðnum *b* yrði sleppt, þá félli gjaldið mjög þungt á síldar- og upsaveiðina, en þar á móti væri hæfilegt, að leggja $\frac{1}{2}$ alin á hverja tunnu, sem væri hërumbil jafn mikið og 3 eða 4 tólf-ræð hundruð. Konungsfulltrúi hafði ekki neitt ámóti breytingum þeim, sem alþing hafði stungið uppá við 2. og 3. grein, og eins féllst hann á breytinguna við síðustu málsgrein 4. greinar, að því leyti, í hvaða tilfellum setja skyldi gjaldið, en á hinn bóginn fannst honum það rangt, að láta sveitarstjórana hafa starfa þenna á höndum, sem þeim væri óviðkomandi, og væri það í sjálfu sér miður hagfellt fyrirkomulag. Konungsfulltrúi féllst á breytinguna viðvíkjandi sekta-ákvörðuninni í 6. grein, en fannst þó ástæða til að láta það haldast óbreytt, sem fyrir væri mælt í frumvarpinu, um, að hlutadeigandi skyldi gjalda þrefalda upphæð þess, er hann hefði reynt til að draga undan. Konungsfulltrúi samsinnti því, að fyrirsögn lagabóðsins yrði höfð, eins og alþing hefði stungið uppá.

Með því dómsmálastjórnin varð að álíta, að uppástungur alþingis væri vel fallnar til þess, að þær yrði teknar til greina með breytingum konungsfulltrúa, lagði hún frumvarpið samkvæmt þessu undir konung, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það með svofelldu móti yrði gjört að lögum.